Ísland betur sett utan ESB



Jordi Pujolá

Það er mín skoðun að Ísland eigi að halda sig við Schengen-samstarfið í stað þess að verða hluti af Evrópusambandinu. Ástæðurnar eru tvær.

Í fyrsta lagi varðar það tolla og skatta á innfluttar vörur sem Ísland myndi verða af við inngöngu í sambandið og hefði það gífurleg áhrif á íslenskt hagkerfi. Í upphafi kæmu villandi áhrif með lægra vöruverði en með tímanum kæmi það niður á íslenskum framleiðslufyrirtækjum sem gætu ekki keppt við þau evrópsku og mörg þeirra myndu ekki lifa þetta ástand af. Útflutningur myndi aukast með tilheyrandi halla á vöruskiptajöfnuði og það myndi draga úr vergri landsframleiðslu. Með öðrum orðum myndi íslenskt vöruúrval hverfa af íslenskum markaði.

Á hinn bóginn er algengt að skattar og tollar séu notaðir sem mælikvarði til að verja þjóðarbúið, spyrjið bara Donald Trump. Hin ástæðan er að ef Ísland fer inn á Evrópuþingið verður það að ærnum minnihluta (383.000 á móti 448.000.000 íbúum) og missir stjórn á hagkerfinu þar sem það mun þurfa að deila auðlindum sínum tengdum til dæmis fiskveiði og orkuframleiðslu með nýju félögum sínum. Ísland þarf ekki að gefa eftir í þessum málum, þar sem landið er í velmegun. Gleymum því ekki að Evrópusambandið var upphaflega stofnað til þess að þróuðu löndin, Frakkland og Þýskaland, gætu hjálpað þeim óþróuðu (Póllandi, Spáni, Portúgal, Grikklandi og Ítalíu) með styrkjum og lánum, til að bæta efnahag þeirra. En þetta var gert með því skilyrði að fyrirtæki eins og Carrefour, Decathlon, Siemens, Volkswagen og fleiri gætu selt vörur sínar án þess að greiða tolla á landamærunum.

> Með tímanum kæmi ESB-aðild niður á íslenskum framleiðslufyrirtækjum sem gætu ekki keppt við þau evrópsku og mörg þeirra myndu ekki lifa af.

Einhverjir réttlæta inngöngu Íslands í Evrópusambandið með sterkari gjaldmiðli. Já, það er rétt að evran er stöðugri en íslenska krónan og þess vegna þarf Seðlabankinn stundum að hækka vexti til að verja krónuna. En á móti getur hann tekið hraðari og beinskeyttari ákvarðanir með nánast tafarlausum áhrifum, sem er tilvalið fyrir lítil lönd eins og Ísland.

Höfundur er rithöfundur og hagfræðingur.

Öryggisnámskeið í meðferð matvæla



Einar Sveinbjörn Guðmundsson

Í dag mun meirihlutinn í borgarstjórn leggja fram tillögu þess efnis að gerð verði krafa um að ófaglærðir matráðar og annað starfsfólk sem ráðið er til starfa í eldhúsum Reykjavíkurborgar þurfi að sækja þar til gert öryggisnámskeið í meðferð og meðhöndlun matvæla áður en viðkomandi hefja þar störf.

Skýrir verkferlar

Samhliða vróri tækifærið notað til tryggja skýra verkferla og þjálfun starfsfólks á öllum starfsstöðvum borgarinnar og sjálfstætt starfandi skólum varðandi meðhöndlun matvæla eins og ákvæði í lögum um matvæli kveða á um.

Alvarleg matareitrun í leikskólanum Mánagarði

Í kjölfar þeirrar alvarlegu matareitrunar sem upp kom í leikskólanum Mánagarði fyrir nokkrum mánuðum og hafði alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu barna er vilji til að draga lærdóm af málinu og bæta öryggis- og gæðaferla til að koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig. Tryggja verður matvælaöryggi og rétta meðhöndlun og meðferð matvæla með skilvirkri fræðslu. Myndi skyldunámskeið fyrir ófaglært starfsfólk sem þessum störfum sinnir vera einmitt liður í að mæta þeirri þörf.

Öryggisnámskeið ekki valkvætt heldur skylda

Öryggisnámskeið af þessum toga auk almennrar fræðslu um matseld hefur verið haldið á vegum Reykjavíkurborgar áður. Fyrir námskeiðið árið 2022 kom eftirfarandi fram í lýsingu: „Boðið verður upp á námskeið og vinnustofu fyrir matráða á skóla- og frístundasviði. Þar fer fram kennsla varðandi öryggi matvæla, matseðlagerð og matreiðslu á grænmetis- og ofnæmisfæði.“ Í framhaldi af þessu námskeiði kom fram að námskeiðið hefði tekist vel þrátt fyrir lélega mætingu og var sérstaklega tekið fram að auglýsa þyrfti það betur næst.

Þarna skilur á milli hvernig þessum málum er háttað núna og þess hverju tillagan tekur á – að þátttaka á eins dags öryggisnámskeiði í meðferð og meðhöndlun matvæla sé ekki valkvæð heldur skylda.

> Meirihlutinn í borgarstjórn mun í dag leggja fram tillögu um öryggisnámskeið í meðferð og meðhöndlun matvæla fyrir ófaglært starfsfólk í leikskólum.

Reykjavíkurborg sýnir gott fordæmi

Hér er Reykjavíkurborg að sýna gott fordæmi varðandi þennan mikilvæga þátt í öryggi barna á leikskólum. Öruggir verkferlar eru eins og flestir vita nauðsynlegir til að hægt sé að tryggja rétta meðhöndlun á þeim mat sem borinn er á borð fyrir börn í leikskólum borgarinnar.

Samræmt öryggisnámskeið

Í raun ættu öll sveitarfélög á landinu að bregðast við með sama hætti – best væri ef hægt yrði að vera með á landsvísu samræmt öryggisnámskeið í meðferð og meðhöndlun matvæla þannig að öll börn á leikskólum landsins „sætu við sama borð“ hvað þetta varðar.

Höfundur er varaborgarfulltrúi Flokks fólksins í Reykjavík.

Bílahöllin

Sími 567 4949 | Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík | bilahollin.is



KIA SORENTO
Nýskráður 10/2015. Akstur 215 þ.km. Dísel. Sjálfskipting. Dráttarkrókur. 5 dyra. 5 manna. Verð áður kr. 2.890.000
Flott verð 2.490.000 Raðnr. 782766



TOYOTA HILUX GX 33“ Nýskráður 9/2024.
Nýtt ökutæki. Dísel. Sjálfskipting. Stærri 33“ breytingin. Pallahúðun. Dráttarkrókur. Seljandi skoðar skipti á ódýrara.
Verð 13.390.000 Raðnr. 306540



NISSAN LEAF 40KWH TEKNA Ný Goodyear vetrardekk á felgum fylgja. Nýsk. 3/2024.Nýtt ökutæki. Rafmagn. Sjálfskipting. Leðuráklæði. Bose hljómkerfi. Ceramic lakkvörn.
Verð 4.280.000 Raðnr. 805858



KIA RIO
Nýskráður 4/2018. Akstur 59 þ.km. Bensín. Sjálfskipting. 5 dyra. 5 manna.
Verð 2.490.000 Raðnr. 243419

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. mars 2025, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2025 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 17. mars 2025, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi, kílómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraða, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.
Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. mars 2025

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum